

Afkoma Landsbanka Íslands hf. á fyrstu sex mánuðum ársins 2008
Hagnaður 29,5 milljarðar króna eftir skatta
Arðsemi eigin fjár 35%

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Landsbanka Íslands hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008:

- Hagnaður fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 nam 31,1 milljarði króna (EUR 285m). Hagnaður eftir skatta var 29,5 milljarðar króna (EUR 270m).
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 35%. Eiginfjárlutfall (CAD) var 10,3% í lok júní 2008.
- Grunntekjur samstæðunnar (vaxtamunur og þjónustutekjur) námu 58 milljörðum króna (EUR 531m) og hafa aukist um 32% miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2007.
- Grunntekjur af erlendri starfsemi námu 33,9 milljörðum (EUR 310m) króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 eða 59% af grunntekjum samstæðunnar.
- Gengismunur og fjárfestingatekjur námu 19,8 milljörðum króna (EUR 181m) samanborið við 14,8 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2007.
- Heildareignir bankans námu 3.970 milljarði króna (EUR 31,9bn) króna í lok júní 2008 í samanburði við 3.058 milljarða króna (EUR 33,4bn) í upphafi ársins. Heildareignir í EUR hafa lækkað samkvæmt þessu um 4,4% á fyrri hluta ársins 2008.
- Lausafjárstaða bankans hefur haldist sterk og var hún um 7,8 milljarðar evra í lok júní 2008.

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2008:

- Hagnaður eftir skatta á öðrum ársfjórðungi 2008 nam 12,0 milljörðum króna (EUR 101m).
- Vaxtamunur annars ársfjórðungs nam 20,9 milljörðum króna (EUR 176m).
- Hreinar þjónustutekjur voru 10,9 milljarðar króna (EUR 92m) sem er sama fjárhæð og á fyrsta ársfjórðungi 2008. eru þetta tveir hæstu fjórðungar bankans frá upphafi hvað þjónustutekjur varðar.

Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri:

"Afkoma Landsbankans á fyrstu 6 mánuðum ársins er mjög góð. Þetta er mikilvægt, ekki síst í ljósi erfiðra aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Grunntekjur samstæðunar hafa aukist um 32% miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2007. Þá var arðsemi eigin fjár 35% á tímabilinu. Á öðrum ársfjórðungi steig bankinn stórt skref er hann hóf innlánastarfsemi á meginlandi Evrópu með því að bjóða Icesave netreikninginn í Hollandi. Fjöldi Icesave reikninga í Bretlandi og Hollandi eru nú yfir 350.000 talsins og yfir 50% af heildarfjárhæð Icesave innlánanna í Bretlandi er nú bundin. Bankinn mun halda áfram að styrkja hlutfall innlána í fjármögnun sinni en starfsemi Icesave í Hollandi er bæði sveigjanleg og öflug sem auðveldar Landsbankanum að sækja inn á fleiri markaði Evrópu á næstu mánuðum."

Halldór J. Kristjánsson bankastjóri:

"Íslenska hagkerfið er nú að endurheimta jafnvægi aftur eftir mikinn og áralangan vöxt. Þróunin fyrri hluta ársins endurspeglar þessa breytingu, sér í lagi endurmat á krónunni og tímabundið verðbólguþot. Þökk sé jákvæðum gjalddeyris- og verðtryggingarjöfnuði hefur Landsbankanum tekist að halda neikvæðum áhrifum gengislækkunarinnar á eiginfjárlutfall og efnahagsreikning í lágmarki. Íslensk heimili eru að hluta varin gegn skammtímaáhrifum verðbólgu þar sem hefðbundin húsnæðislán bera fasta raunvexti. Sú staðreynd að útlánaaukning stærstu íslensku bankanna hefur að mestu verið til erlendra aðila, eða innlendra fyrirtækja með umsvif erlendis, hefur einnig dregið úr áhrifum veikingar krónunnar.

Í grunninn byggir íslenskt efnahagslíf á atvinnugreinum sem núverandi niðursveifla hefur ekki neikvæð áhrif á, svo sem matvælaframleiðsla, tækni og náttúrvænni, endurnýjanlegri orku. Nýlegar stóriðjuframkvæmdir hafa aukið framleiðslugetu í útflutningsgreinum sem auðveldar aðlögun hagkerfisins að nýju jafnvægi. Aukin arðsemi af nýtingu hinna fjölmörgu orkulinda landsins mun ýta undir beinar erlendar fjárfestingar í orkufrekum iðnaði. Aukin orkuframleiðsla getur aukið landsframleiðsluna um 4% sem svarar til um 0,8% hagvaxtarauka á ári næstu 5 árin."

Árshlutareikning Landsbanka Íslands hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008 má nálgast á heimasíðu bankans www.landsbanki.com/IR

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Landsbankans:
Sigurjón Þ. Árnason í síma 410-4009 / 898-0177 og Halldór J. Kristjánsson í síma 410-4015 / 820-6399.

Lykiltölur úr árshlutareikningi samstæðu

Rekstrarreikningur	2008		2007		2008		2008	
	jan-jún.	jan-jún.			2. ársfj.	1. ársfj.		
Vaxtatekjur	159.584	90.124	77%		89.097	70.486	26%	
Vaxtagjöld	123.411	65.745	88%		68.179	55.232	23%	
Hreinar vaxtatekjur	36.173	24.380	48%		20.918	15.255	37%	
Þjónustutekjur	27.700	21.900	26%		14.256	13.444	6%	
Þjónustugjöld	5.907	2.409	145%		3.366	2.541	32%	
Hreinar þjónustutekjur	21.793	19.490	12%		10.890	10.904	0%	
Aðrar rekstrartekjur	20.010	9.273	116%		5.253	14.757	-64%	
Hlutdeild (tap) í afkomu hlutdeildarféлага	(180)	1.133	-116%		(100)	(80)	24%	
Hagnaður af eignum í sölumeðferð efiir skatta	8	4.348	-100%		6	2	184%	
Aðrar rekstrartekjur	19.838	14.754	34%		5.159	14.679	-65%	
Hreinar rekstrartekjur	77.804	58.624	33%		36.967	40.837	-9%	
Laun og tengd gjöld	21.560	16.890	28%		10.927	10.633	3%	
Rekstrarkostnaður	14.238	9.175	55%		7.637	6.601	16%	
Rekstrargjöld alls	35.797	26.065	37%		18.564	17.233	8%	
Virðisrýrnun útlána og fastafjármuna til sölu	10.867	3.050	256%		6.953	3.915	78%	
Hagnaður fyrir skatta	31.140	29.509	6%		11.450	19.690	-42%	
Tekjuskattur	1.667	3.206	-48%		(598)	2.265	-126%	
Hagnaður tímabilsins	29.473	26.303	12%		12.048	17.425	-31%	
Tilheyrandi:								
Hluthófum Landsbanka Íslands hf.	29.183	25.698	14%		11.876	17.307	-31%	
Minnihluta	290	605	-52%		172	118	46%	
Fimm ára yfirlit								
				H1 2008	2007	2006	2005	2004
Hreinar vaxtatekjur				36.173	54.052	41.491	22.996	14.734
Hreinar þjónustutekjur				21.793	39.369	28.366	16.726	8.891
Aðrar rekstrartekjur				19.838	16.605	19.568	21.257	9.842
Hreinar rekstrartekjur				77.804	110.025	89.426	60.978	33.467
Rekstrargjöld alls				35.797	57.515	38.588	20.967	14.460
Virðisrýrnun viðskiptavildar				0	0	0	3.033	0
Virðisrýrnun útlána og fastafjármuna til sölu				10.867	6.956	6.144	6.197	4.485
Hagnaður fyrir skatta				31.140	45.555	44.694	30.781	14.521
Tekjuskattur				1.667	5.605	4.479	5.764	1.798
Hagnaður tímabilsins				29.473	39.949	40.215	25.017	12.723
Tilheyrandi:								
Hluthófum Landsbanka Íslands hf.				29.183	38.800	38.906	24.740	12.574
Minnihluta				290	1.150	1.309	277	149
Efnahagur	30.6.2008	31.12.2007	Mism	%	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2004	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	27.874	81.559	(53.685)	-66%	31.669	16.611	18.237	
Kröfur á fjármálafyrirtæki	337.003	162.929	174.074	107%	215.618	86.919	72.060	
Lán	2.571.470	2.022.738	548.731	27%	1.438.395	984.593	542.215	
Fjáreignir á gangvirdi og hlutdeildarfélag	864.190	667.941	196.249	29%	376.809	218.894	64.730	
Aðrar eignir	169.835	122.379	47.456	39%	110.432	98.443	39.900	
Eignir samtals	3.970.372	3.057.546	912.826	30%	2.172.924	1.405.460	737.141	
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	463.058	337.915	125.143	37%	141.105	144.596	63.476	
Innlán frá viðskiptavinum	1.617.298	1.421.410	195.887	14%	682.846	334.163	215.730	
Lántaka	1.301.435	835.985	465.450	56%	1.014.976	689.989	375.084	
Víkjandi lántökur	152.506	111.890	40.616	36%	89.754	49.074	22.570	
Aðrar skuldir	234.259	166.342	67.917	41%	94.785	74.022	21.572	
Eigið fé	198.138	180.008	18.130	10%	144.282	110.059	37.705	
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	3.679	3.996	(317)	-8%	5.175	3.557	1.004	
Skuldir og eigið fé samtals	3.970.372	3.057.546	912.826	30%	2.172.924	1.405.460	737.141	

Lykiltölur úr árshlutareikningi

Rekstrarreikningur	2008	2008	2007	2007	2007	2007
	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.
Vaxtatekjur	89.097	70.486	57.935	54.036	49.078	41.046
Vaxtagjöld	68.179	55.232	42.708	39.591	35.578	30.167
Hreinar vaxtatekjur	20.918	15.255	15.227	14.445	13.500	10.879
Þjónustutekjur	14.256	13.444	11.534	11.813	11.013	10.886
Þjónustugjöld	3.366	2.541	1.874	1.595	1.285	1.124
Hreinar þjónustutekjur	10.890	10.904	9.660	10.218	9.729	9.762
Aðrar rekstrartekjur	5.253	14.757	(748)	3.029	4.754	4.518
Hlutdeild (tap) í afkomu hlutdeildarfélaga	(100)	(80)	671	(1.171)	1.191	(58)
Hagnaður (tap) af eignum í sölumæðferð eftir skatta	6	2	9	60	9	4.339
Aðrar rekstrartekjur	5.159	14.679	(68)	1.918	5.955	8.799
Hreinar rekstrartekjur	36.967	40.837	24.819	26.582	29.184	29.441
Laun og tengd gjöld	10.927	10.633	10.769	10.029	8.919	7.972
Rekstrarkostnaður	7.637	6.601	5.846	4.806	4.731	4.444
Rekstrargjöld alls	18.564	17.233	16.615	14.835	13.650	12.415
Virðisryrningur útlána og fastafjármuna til sölu	6.953	3.915	2.286	1.620	1.501	1.549
Hagnaður fyrir skatta	11.450	19.690	5.919	10.127	14.033	15.476
Tekjuskattur	(598)	2.265	997	1.402	1.490	1.716
Hagnaður tímabilsins	12.048	17.425	4.922	8.725	12.542	13.760
Tilheyrandi:						
Hluthófum Landsbanka Íslands hf.	11.876	17.307	4.584	8.518	12.248	13.450
Minnihluta	172	118	337	207	294	311
Efnahagur	30.6.2008	31.3.2008	31.12.2007	30.9.2007	30.6.2007	31.3.2007
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	27.874	103.522	81.559	48.440	33.976	18.431
Kröfur á fjármálafyrirtæki	337.003	268.285	162.929	134.379	278.072	251.881
Lán	2.571.470	2.488.165	2.022.738	1.840.584	1.567.895	1.483.887
Fjáreignir á gangvirði og hlutdeildarfélög	864.190	788.949	667.941	680.728	584.875	437.894
Aðrar eignir	169.835	187.217	122.379	142.552	132.329	125.097
Eignir samtals	3.970.372	3.836.139	3.057.546	2.846.682	2.597.147	2.317.190
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	463.058	445.247	337.915	210.332	161.826	117.378
Innlán frá viðskiptavinum	1.617.298	1.636.910	1.421.410	1.390.022	1.187.254	913.183
Lántaka	1.301.435	1.141.777	835.985	749.629	781.541	903.780
Víkjandi lántökur	152.506	145.503	111.890	82.517	77.766	83.524
Aðrar skuldir	234.259	268.255	166.342	234.211	224.231	145.697
Eigið fé	198.138	194.990	180.008	176.486	161.312	149.869
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	3.679	3.457	3.996	3.485	3.217	3.758
Skuldir og eigið fé samtals	3.970.372	3.836.139	3.057.546	2.846.682	2.597.147	2.317.190
Kennitölur		2008 H1	2007	2006	2005	2004
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta		36,8%	30,9%	40,3%	56,3%	57,2%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta		34,7%	27,1%	36,3%	45,8%	49,5%
Eiginfjárbáttur A		8,2%	10,1%	13,0%	11,9%	7,8%
Eiginfjárlutfall		10,3%	11,7%	14,8%	13,1%	10,4%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum		46,0%	52,3%	43,2%	34,4%	43,2%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildarfjármagns		2,0%	2,2%	2,1%	2,0%	2,5%
Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns		2,1%	2,1%	2,3%	2,2%	2,6%
Hlutfall innlána af útlánum til viðskiptamanna		62,9%	70,3%	47,5%	33,9%	39,6%
Hlutfall innlána af heildarfjármagni		40,7%	46,5%	31,4%	23,8%	29,3%
Framlag í afskriftareikning af stöðu útlána í lok tímabils		0,75%	0,32%	0,37%	0,58%	0,73%
Hlutfall endanlegra afskrifta af lánum og kröfum		0,27%	0,07%	0,13%	0,19%	0,33%
Gengi hlutabréfa í lok tímabils		23,05	35,50	26,50	25,30	12,10
Breyting hlutabréfaverðs að teknu t.t. arðgreiðslna		-35,1%	35,5%	5,9%	110,7%	110,3%
Stöðugildi í lok tímabils		2.690	2.640	2.117	1.725	1.121
Myntgengi á EUR						
Meðalgengi ISK / EUR í rekstrarreikningi á tímabili		109,24	87,64	87,565	76,59	86,97
Lokagengi ISK / EUR í efnahagsreikningi í lok tímabils		124,38	91,65	93,72	74,7	83,51



Áhrif uppgjörsmýnta og yfirtekinna félaga

Gengi íslensku krónunnar hefur umtalsverð áhrif á þróun stærða í efnahags- og rekstrarreikningi á fyrsta sex mánuðum ársins 2008. Gengisbundnir eigna- og skuldaliðir eru gerðir upp á gengi í lok júní 2008 á meðan stærðir í rekstrarreikningi eru gerðar upp á meðalgengi tímabilsins. Eftirfarandi tafla sýnir þróun erlendra uppgjörsmýnta í samstæðu bankans og þróun íslensku gengisvísitölunnar:

	31.12.2007	Meðalgengi 6M	%	31.12.2007	30.6.2008	%
EUR	91,650	109,238	19%	91,650	124,375	36%
GBP	124,635	141,212	13%	124,635	157,300	26%
GVT	120,850	141,420	17%	120,850	159,350	32%

Landsbankinn yfirtók verðbréfafyrirtækið **Bridgewell Group plc** á 3. ársfjórðungi 2007 og var það sameinað inn í dótturfélag bankans Teather & Greenwood Ltd. Starfsemi félagana var sameinuð undir nýju nafni, Landsbanki Securities UK. Rekstur Bridgewell Plc kom inn í samstæðu Landsbankans frá og með miðjum 3. ársfjórðungi 2007. Þá jók bankinn eignarhlut sinn í Merrion Landsbanki úr 67% í 84% á fyrsta ársfjórðungi 2008.

Helstu niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings

Rekstrarreikningur fyrstu sex mánuði ársins 2008 borinn saman við fyrsta sex mánuði ársins 2007

Hagnaður Landsbanka Íslands hf. á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 nam 29,5 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 26,3 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2007. Hagnaður tímabilsins fyrir skatta nam 31,1 milljarði króna í samanburði við 29,5 milljarða króna fyrir sama tímabil á fyrra ári.


Milljarðar króna	H1 2008	H1 2007	Breyting
Grunntekjur (vaxtamunur og þóknunartekjur)	58,0	43,9	14,1
Aðrar rekstrarstekjur	19,8	14,8	5,0
Rekstrargjöld	35,8	26,1	9,7
Virðisryrnun	10,9	3,1	7,8
Skattar	1,7	3,2	(1,5)
Hagnaður	29,5	26,3	3,2

Arðsemi eigin fjár eftir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 var 34,7%.

Hreinar rekstrarstekjur bankans námu 77,8 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 í samanburði við 58,6 milljarða króna á fyrra ári sem er aukning um tæp 33%.


Hreinar vaxtatekjur hafa aukist um 11,8 milljarða króna og námu 36,2 milljörðum króna í samanburði við 24,4 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2007.

Hreinar vaxtatekjur




Þóknunartekjur bankans námu 21,8 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 samanborið við 19,5 milljarða króna fyrir sama tímabil á fyrra ári.

Þóknunartekjur



Fjárfestingatekjur bankans á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 námu 19,8 milljörðum króna samanborið við 14,8 milljarða króna fyrir sama tímabil á fyrra ári. Gengishagnaður tímabilsins er fyrst og fremst borinn upp af jákvæðri gjaldeyrisstöðu samstæðunnar á meðan tap var af hlutabréfum, skuldabréfum og afleiðum. Gengishagnaður á fyrstu sex mánuðum síðasta árs samanstóð einkum af tveimur þáttum; hagnaði af hlutabréfum og söluhagnaði vegna fasteignafélagsins Landsafls hf.

Grunntekjur (vaxtamunur og þóknunartekjur) bankans sem koma erlendis frá námu 33,9 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 samanborið við 21,8 milljarða króna fyrir sama tímabil á fyrra ári. Voru þær 59% af grunntekjum samstæðunnar samborið við 50% á fyrstu sex mánuðum ársins 2007.



Rekstrargjöld samstæðunnar á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 námu 35,8 milljörðum króna og reiknast kostnaðarhlutfall bankans 46% á tímabilinu.

Virðisryrnun útlána nam 10,9 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2008. Virðisryrnun sem hlutfall af útlánnum og kröfum í lok júní 2008 var 0,75% á ársgrundvelli.

Annar ársfjórðungur 2008 borinn saman við fyrsta ársfjórðung 2008

Hagnaður eftir skatta á öðrum ársfjórðungi 2008 nam 12,0 milljörðum króna í samanburði við 17,4 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi.

Milljarðar króna	2F 2008	1F 2008	Breyting
Grunntekjur (vaxtamunur og þóknunartekjur)	31,8	26,2	5,6
Aðrar rekstrartekjur	5,2	14,7	(9,5)
Rekstrargjöld	18,6	17,2	1,4
Virðisryrnun	7,0	3,9	3,1
Skattar	(0,6)	2,3	(2,9)
Hagnaður	12,0	17,4	(5,4)

Hreinar vaxtatekjur á öðrum ársfjórðungi 2008 námu 20,9 milljörðum króna samanborið við 15,3 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi. Auknar vaxtatekjur á öðrum ársfjórðungi umfram fyrsta ársfjórðung skyrast einkum af áhrifum verbólgu á verðtryggingarjöfnuð samstæðunnar (verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir).

Þóknunartekjur annars ársfjórðungs héldust óbreyttar frá fyrsta ársfjórðungi og námu 10,9 milljörðum króna. Er þetta tveir bestu ársfjórðungar bankans frá upphafi hvað þóknunartekjur varðar.

Fjárfestingatekjur bankans lækkuðu á öðrum ársfjórðungi í samanburði við fyrsta

ársfjórðung úr 14,7 milljörðum króna í 5,2 milljarða króna. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af gjaldeyrishagnaði bankans.

Virðisryrnun útlána nam 7,0 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2008.

Efnahagsreikningur 30.6.2008

Heildareignir samstæðunnar námu 3.970 milljarði króna í lok júní 2008 í samanburði við 3.058 milljarða króna í byrjun ársins. Heildareignir samstæðunnar umreiknaðar í evrur lækkuðu um 4,4% eða 1,5 milljarða evra frá áramótum og námu þær 31,9 milljarði í lok júní 2008.

Útlán til viðskiptavina námu 2.571 milljarði króna í lok júní 2008 í samanburði við 2.023 milljarða króna í byrjun ársins. **Afskriftareikningur útlána** var 32,1 milljarður króna eða 1,16% af heildarútlánnum og veittum ábyrgðum til viðskiptavina í lok júní 2008. Afskriftareikningur útlána endurspeglar ekki endanlega töpuð útlán, heldur er um að ræða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar gegn reiknuðum útlánatöpum framtíðar. Þegar og ef útlán tapast endanlega eru þau færð út af afskriftareikningi útlána.

Veltufjáreignir samstæðunnar námu 761 milljarði króna í lok júní 2008 í samanburði við 582 milljarða króna í ársbyrjun. Undir þennan lið falla markaðsskuldabréf, veltuhlutabréf og jákvæðar stöður afleiðusamninga. Markaðsskuldabréf námu 408 milljörðum króna samanborið við 361 milljarði króna í ársbyrjun. Veltuhlutabréf voru 51 milljarður króna í lok júní 2008 samanborið við 31 milljarð króna í byrjun ársins.


Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning námu 89 milljörðum króna í lok júní 2008. Hlutabréf námu 77 milljörðum króna, þar af voru um 39 milljarðar króna á móti framvirkum samningum.

Heildareignir í stýringu námu 576 milljörðum króna í lok júní 2008 í samanburði við 513 milljarða króna í byrjun ársins. Heildareignir í vörslu í samstæðunni voru 1.820 milljarðar í lok júní 2008.

Skuldir og eigið fé

Heildarinnlán samstæðunnar námu 2.080 milljörðum króna í lok júní 2008. Þar af námu innlán frá viðskiptavinum 1.617 milljörðum króna í samanburði við 1.421 milljarð króna í upphafi ársins. Hlutfall innlána viðskiptavina af útlánnum til viðskiptavina var 63% í lok júní 2008.


Afkoma rekstrarstarfsþátta



Lántökur í lok júní 2008 námu 1.301 milljarði króna í samanburði við 836 milljarða króna í ársbyrjun. Þá námu **víkjandi lán** samstæðunnar 153 milljörðum króna í lok júní 2008 í samanburði við 112 milljarða króna í byrjun ársins. Aukningin skýrist einkum af veikingu íslensku krónunnar.

CAD hlutfall 10,3%

Eigið fé samstæðunnar í lok júní 2008 nam 198 milljörðum króna í samanburði við 180 milljarða króna í ársbyrjun. **Eiginfjárlutfall** samstæðunnar samkvæmt CAD reglum var 10,3% í lok júní 2008, þar af 8,2% samkvæmt eiginfjárbætti A.



Afkomu samstæðu Landsbankans er skipt í fjóra rekstrarstarfsþætti:

- Viðskiptabankastarfsemi
- Fyrirtækjaviðskipti
- Verðbréfavíðskipti
- Eignastýring og sérbankaþjónusta

Yfirlit um afkomu og heildareignir eftir starfsþáttum má sjá í eftirfarandi töflum (m.kr..):

Starfsþáttayfirlit

1H 2008	Viðskiptabankastarfsemi	Fyrirtækjaviðskipti	Verðbréfavíðskipti	Eignastýring og sérbankaþjónusta	Annað	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	10.424	26.122	-3.798	3.425	0	36.173
Hreinar þjónustutekjur	1.458	2.644	14.951	2.740	0	21.793
Aðrar rekstrartekjur	-145	-2.692	22.414	251	0	19.838
Hreinar rekstrarstekjur	11.737	26.075	33.567	6.426	0	77.804
Rekstrargjöld	5.413	6.491	17.887	3.458	2.547	35.797
Virðisyrnun útlána	1.677	7.342	1.271	578	0	10.867
Afkoma	4.647	12.241	14.409	2.390	-2.547	31.140
Heildareignir 30.6.2008	639.052	1.723.175	844.010	736.606	27.528	3.970.372

1H 2007	Viðskiptabankastarfsemi	Fyrirtækjaviðskipti	Verðbréfavíðskipti	Eignastýring og sérbankaþjónusta	Annað	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	8.585	16.220	-1.957	1.531	0	24.389
Hreinar þjónustutekjur	1.434	1.085	14.894	2.077	0	19.490
Aðrar rekstrartekjur	-34	40	14.657	90	0	14.754
Hreinar rekstrarstekjur	9.986	17.345	27.595	3.698	0	58.624
Rekstrargjöld	5.080	4.797	12.126	2.547	1.516	26.065
Virðisyrnun útlána	1.391	1.798	-188	50	0	3.050
Afkoma	3.515	10.751	15.657	1.102	-1.516	29.509
Heildareignir 31.12.2007	523.287	1.333.768	741.701	429.474	29.317	3.057.546

Undir **viðskiptabankastarfsemi** fellur útibúanet móðurfélagsins, viðskiptabankahluti Heritable Bank, SP-Fjármögnun og Landsbanki Guernsey Ltd. Hagnaður starfsþáttarins nam 4,6 milljörðum króna fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins 2008.

Undir **fyrirtækjaviðskipti** fellur fyrirtækjaviðskipti móðurfélagsins, þ.m.t. lánastarfsemi bankans í London, Amsterdam, Kanada og Noregi, fyrirtækjaviðskipti Heritable Bank og fyrirtækjaviðskipti Landsbanka Luxembourg S.A. Hagnaður fyrir skatta af fyrirtækjaviðskiptum á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 nam 12,2 milljörðum króna.

Verðbréfavíðskipti innifelur verðbréfasvið móðurfélagsins, bæði á Íslandi sem og á meginlandi Evrópu og dótturfelögin Landsbanki Securities UK, Landsbanki Kepler SA og Merrion Landsbanki. Undir starfsþáttinn fellur verðbréfamíðlun, fyrirtækjaráðgjöf, gjaldeyris- og afleiðumiðlun, skuldastýring, fjárstýring og eigin viðskipti með hlutabréf og skuldabréf. Hagnaður af verðbréfavíðskiptum nam 14,4 milljörðum króna fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins 2008.

Eignastýring og sérbankaþjónusta samanstendur af eignastýringarsviði móðurfélagsins, Landsvaka hf. og eignastýringu og sérbankaþjónustu



Landsbanka Luxembourg S.A. Hagnaður af eignastýringu og sérþjónustu á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 nam 2,4 milljörðum króna fyrir skatta.

Fjármögnun

Aðstæður á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum héldu áfram að vera erfiðar á öðrum ársfjórðungi 2008. Eftir að hafa náð hámarki um miðjan fyrsta ársfjórðung lækkaði skuldatryggingarálag Landsbankans og íslensku bankanna verulega í apríl og fram í miðjan maí. Síðan þá hafa skuldatryggingarálög farið hækkandi, einkum vegna tæknilegra þátta.

Landsbankinn hefur gefið út ný skuldabréf að fjárhæð 1,5 milljarði evra það sem af er ári. Hafa útgáfunar verið í formi lokaðra skuldabréfaútboða og tvíhliða lána og hafa kjörin verið mun hagstæðari en skuldatryggingarálag bankans. Á síðari hluta ársins 2008 eru aðeins um 151 milljón evra langtímalána á gjalddaga og undirbúningur fjármögnunar fyrir 2009 gengur vel. Helstu áherslur við fjármögnun 2008-2009 verða lokuð útboð, framlenging núverandi lána og beinar lántökur.

Innlán eru mikilvægur þáttur í fjármögnun Landsbankans og sú viðleitni bankans á öðrum ársfjórðungi að auka vægi innlána í heildarfjármögnun gekk vel. Í maí tilkynnti Landsbankinn að innlánareikningar á internetinu undir heiti Icesave yrðu boðnar viðskiptavinum á meginlandi Evrópu, og til að byrja með í Hollandi. Tæknilegur grundvöllur Icesave í Hollandi er hannaður til að vera bæði aðlögunarhæfur og traustur með það í huga að geta lagað hann að völdum evrópskum mörkuðum. Aukin fjölbreytni í fjármögnun milli lántaka, innlána, fjárfesta og landssvæða verður áfram mikilvægur þáttur í fjármögnun bankans.

Grunnafkoma

26% grunnarðsemi eigin fjár fyrir skatta

Grunnafkoma bankans á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 nam 22,8 milljörðum króna fyrir skatta borið saman við 18,0 milljarða króna fyrir sama tímabil á árinu 2007. Arðsemi eigin fjár fyrir skatta af grunnafkomu á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 var 26% á ársgrundvelli samanborið við 24% á öllu árinu 2007.

Mæling grunnafkomu bankans felur í sér að gengismunur hlutabréfa, hvers eðlis sem hann

er, sem og gengismunur skuldabréfa og gjaldeyris er bakfærður, en á móti er vaxtamunur aukinn sem nemur kostnaði samstæðunnar af því að liggja með hlutabréfa- og skuldabréfastöður annarsvegar og hinsvegar er leiðrétt fyrir því vaxtaóhagræði sem felst í jákvæðri (eignir umfram skuldir og eigið fé) gjaldeyrisstöðu. Eftir sem áður er það ávallt markmið bankans og hluti af virkri áhættustýringu að vera með ákveðnar stöður í hlutabréfum, skuldabréfum og gjaldeyri.

Horfur

Sú niðursveifla sem átt hefur sér stað á alþjóðlegum fjármálamörkuðum mun hafa áhrif á rekstur Landsbankans sem og önnur fjármálafyrirtæki á árinu 2008. Til að bregðast við breyttum aðstæðum leggja stjórnendur bankans nú höfuðáherslu á samþjöppun og samþættingu í rekstri samhliða því að verja og treysta fjármögnunar- og lausafjárgrunn bankans enn frekar.

Lausafjárstaða bankans er sterk og er endurgreiðsla lána á gjaldaga árið 2008 og 2009 viðráðanleg. Bankinn mun leggja áframhaldandi áherslu á þróun erlendar innlánastarfsemi á árinu og stefnir á valda evrópska markaði í því sambandi og treysta þannig grunninn að hlutfalli innlána viðskiptavina á móti útlánum ennfrekar. Innkoma bankans á Hollandsmarkað á 2. ársfjórðungi gefur ágæt fyrirheit um framhaldið.

Útlánaáhætta Landsbankans byggir á vel dreifðu eignasafni bæði eftir atvinnugreinum og svæðum. Landsbankinn hefur engar áhættuskuldbindingar í tengslum við ótryggan fasteignalánamarkað í Bandaríkjunum eða aðrar tegundir skuldavafninga (á ensku: ABS, CDOs, CLO, SIVs). Þá er bankinn með hóflega stöðutöku í hlutabréfum og nam staða þeirra 2,5% af heildareignum í lok júní 2008.

Tekjustofnar samstæðunnar byggja á breiðum grunni bæði hvað varðar skiptingu tekna eftir starfþáttum eða út frá landfræðilegu sjónarmiði. Þá hefur grunnafkoma bankans verið stöðug og arðsemi góð og endurspeglar það góðar undirstöður Landsbankans í erfiðu árferði.

Það er mat stjórnenda Landsbankans að hann sé í ágætri stöðu á árinu 2008 til að mæta þeim aðstæðum sem ríkja á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og fylgja áfram stefnumörkun sinni og markmiðum. Búast má við að endurmat áhættu á fjármálamörkuðum heimsins geti orðið til þess að sjónum verði beint meira að hefðbundinni bankastarfsemi. Það mun verða Landsbankanum hagstætt þar



sem styrkur hans felst einkum í fyrirtækjabankastarfsemi og sérhæfðri útlánastarfsemi.

Við mat á afkomuhorfum fjármálafyrirtækja þarf að hafa í huga að rekstur þeirra er háður ýmsum ytri þáttum, svo sem efnahagsþróun héraendis og erlendis, þróun verðlags og gjaldmiðla, sem og þróun innlendra og erlendra fjármálamarkaða.

Kynningarfundir fyrir hlutahafa og markaðsaðila

Reykjavík 29. júlí

Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, bankastjórar Landsbankans, munu kynna afkomu bankans og svara fyrirspurnum. Kynningarefni frá fundinum verður birt á sama tíma á vef Landsbankans.

Tími: 08.30 (09.30 UK og 10.30 CET)

Staðsetning: Hilton Nordica Hótel, Reykjavík

London 29. júlí

Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson bankastjórar Landsbankans, munu kynna afkomu bankans og svara fyrirspurnum. Hægt verður að fylgjast með útsendingu af kynningunni á vef Landsbankans www.landsbanki.com/ir og verða öll fundargögn birt þar á sama tíma.

Tími: 15:00 (16.00 UK og 17.00 CET)

Staðsetning: Beaufort House 15 St Botolph Street, London EC3A 7QR

Þeir sem vilja fylgjast með fundinum í London geta séð kynninguna í rauntíma á www.landsbanki.com/ir. Einnig verður hægt að hlusta á fundinn símleiðis með því að hringja 10 mínútum fyrir fund í síma +44 (0) 1452 569 103.

Hægt verður að nálgast fundargögn ásamt hljóð- og myndupptöku af kynningunni á www.landsbanki.com/ir að fundi loknum.

Birtingardagatal 2008

Fyrirhugað er að birta árshlutauppgjör og ársreikning bankans fyrir árið 2008 sem hér segir:

3. ársfjórðungur: 4. nóvember
4. ársfjórðungur: 10. febrúar 2009

Árshlutareikning Landsbankans fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008 má nálgast á vef bankans www.landsbanki.is.

Uppgjörið er kannað af endurskoðendum.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Landsbankans Sigurjón Þ. Árnason 410 4009 / 898 0177 og Halldór J. Kristjánsson 410 4015 / 820 6399.